

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2020/1401****2022/EES/26/43****frá 2. október 2020**

**Þar sem kveðið er á um tímabundna undanþágu frá tilskipun ráðsins 66/401/EBE að því er varðar kröfur um markaðssetningu vottaðs fræs**

*(tilkynnt með númeri C(2020) 6651) (\*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt upplýsingum sem Slóvenía lét framkvæmdastjórninni í té kemur fram að óhagstæð veðurskilyrði á ræktunartímabilinu 2018/2019 hafa haft alvarleg áhrif á fræuþpskeru tegundarinnar logasmári (*Trifolium incarnatum L.*), sem var ætluð til framleiðslu á stofnfræi. Af þessum sökum var ekki nægilegt stofnfræ fyrir hendi í Slóveníu til framleiðslu vottaðs fræs fyrstu kynslóðar fyrir uppskeruna árið 2020.
- 2) Önnur aðildarríki sem að hluta til standa frammi fyrir erfiðleikum í tengslum við uppskeru hafa ekki náð að uppfylla þörf Slóveníu fyrir flokkinn stofnfræ.
- 3) Í ljósi þessara aðstæðna koma upp tímabundnir erfiðleikar varðandi almennt framboð á vottuðu fræi af logasmára. Ekki er hægt að yfirstíga þessa erfiðleika öðruvísi en að heimila að setja vottað fræ af logasmára annarrar kynslóðar, sem er framleitt í Slóveníu, á markað í Sambandinu í tiltekinn tíma og með fyrirvara um viðeigandi hámarks magn.
- 4) Með þessari ákvörðun ætti því að leyfa að setja vottað fræ af logasmára annarrar kynslóðar, sem er framleitt í Slóveníu úr vottuðu fræi fyrstu kynslóðar, á markað í Sambandinu, með fyrirvara um tiltekin skilyrði og takmarkanir.
- 5) Samkvæmt upplýsingunum sem Slóvenía lét framkvæmdastjórninni í té kemur einnig fram að þörf er á samtals 30 tonnum af logasmárafræi til að leysa þessa framboðserfiðleika fyrir tímabilið sem rennur út 30. júní 2021.
- 6) Undanþágan kemur ekki í veg fyrir beitingu annarra skilyrða fyrir markaðssetningu vottaðs fræs af logasmára eins og mælt er fyrir um í tilskipun 66/401/EBE.
- 7) Aðildarríkin ættu þegar í stað að tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það magn sem þau hafa veitt leyfi fyrir að sé sett á markað samkvæmt þessari ákvörðun til að tryggja samræmda framkvæmd hennar.
- 8) Rétt þykir að Slóvenía gegni hlutverki samræmingaraðila til að tryggja að heildarmagn markaðssetts fræs, sem er heimilað samkvæmt þessari ákvörðun, sé ekki umfram leyft heildarmagn sem er heimilað til markaðssetningar.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2020, ESB L 324, 6.10.2020, bls. 35. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2021 frá 19. mars 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 1966, EB L 125, 11.7.1966, bls. 2298/66.

## SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

1. Setning vottaðs fræs annarrar kynslóðar af logasmára (*Trifolium incarnatum L.*), sem framleitt er í Slóveníu úr vottuðu fræi af fyrstu kynslóð, á markað í Sambandinu skal leyfð á tímabili sem rennur út 30. júní 2021, og að uppfylltum þeim skilyrðum sem kveðið er á um í 2. mgr.
2. Vottað fræ sem er heimilað er að setja á markað samkvæmt þessari grein skal:
  - a) ekki fara yfir 30 tonna heildarmagn,
  - b) uppfylla eftirfarandi kröfur:
    - i. kröfurnar um vottað fræ fyrstu kynslóðar sem mælt er fyrir um í II. viðauka við tilskipun 66/401/EBE,
    - ii. fræið sem um er að ræða var fyrst sett á markað í samræmi við 3. gr. þessarar ákvörðunar.

*2. gr.*

Aðildarríkin skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það magn sem þau hafa veitt leyfi fyrir að sé sett á markað samkvæmt þessari ákvörðun.

*3. gr.*

Allir fræbirgjar, sem óska eftir því að setja á markað fræ, sem um getur í 1. gr., skulu sækja um það til þess aðildarríkis þar sem þeir hafa staðfestu eða stunda innflutning. Hlutaðeigandi aðildarríki skal heimila birgjanum að setja fræið á markað, nema:

- 1) það hafi nægar vísbendingar til að efast um að birgirinn geti sett á markað það magn af fræi sem hann hefur sótt um leyfi fyrir eða
- 2) heildarmagnið sem leyft er að setja á markað fari yfir það heildarmagn sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 1. gr.

*4. gr.*

1. Aðildarríkin skulu veita hvert öðru stjórnsýsluaðstoð við beitingu þessarar ákvörðunar.
2. Slóvenía skal vera samræmingaraðildarríki að því er varðar a-lið 2. mgr. 1. gr.
3. Aðildarríki sem tekur við umsókn skv. 3. gr. skal tafarlaust tilkynna Slóveníu um það magn sem umsóknin tekur til. Slóvenía skal tafarlaust upplýsa tilkynningaraðildarríkin um hvort leyfið myndi valda því að farið yrði yfir heildarmagnið sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 1. gr.

*5. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. október 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Stella KYRIAKIDES

*framkvæmdastjóri.*